

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 100/2009

frá 25. september 2009

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými ⁽²⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu ⁽³⁾, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar ⁽⁵⁾ voru felldar inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2006 frá 2. júní 2006 ⁽⁶⁾ ásamt sértækum aðlögunarákvæðum fyrir tiltekin lönd.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 30/2009 frá 16. janúar 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1032/2006 að því er varðar kröfur um sjálfvirk kerfi til að skiptast á fluggögnum til stuðnings við gagnatengingaþjónustu ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 66wb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1032/2006) í XIII. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0030:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 30/2009 frá 16. janúar 2009 (Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009, bls. 20).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 18, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 44, 7.9.2006, bls. 15.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 13, 17.1.2009, bls. 20.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 30/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.